

Ed.

741. Frumvarp til laga

[4. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

(Eftir 2. umr. í Ed., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 4 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Ný grein, 83. gr. a., orðist svo:

Fésektarrefsing, sem ákveðin er með dómi, úrskurði eða sátt, fyrnist, þegar liðin eru 3 ár frá því að unnt var að fullnægja dómi, úrskurði eða sátt samkvæmt almennum ákvæðum laga. Ef fésekt er 5000 krónur eða hærri er fyrningarfrestur þó 5 ár.

Fjárnám eða önnur trygging, sem aflað hefur verið fyrir sektinni fyrir lok fyrningarfrestis, heldur þó gildi sínu.

Vararefsing við fésekt, sbr. 53. gr., fellur niður samkvæmt ákvæðum 1. mgr., nema fullnusta hennar sé hafin innan þar greindra tímamarka.

Eignarupptaka, sem ákveðin er með dómi, úrskurði eða sátt, fellur niður þegar liðin eru 5 ár frá því að unnt var að fullnægja ákvörðun um eignarupptöku. Í dómi er þó heimilt að ákveða að frestur sé allí að 10 árum. Ákvæði 2. mgr. gildir einnig um eignarupptöku.

Sá tími, sem fullnusta frestast vegna ákvæða skilorðsdóms eða skilyrtrar náðunar, telst ekki með fyrningarfresti.

13. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1981.